

Mánudaginn 7. desembermánaðar.

Nr. 26/1896:

Ólafur Arnason  
gegn  
Jörgen Hansen.

D ó m u r:

Með samningi 1. maí 1895 leigði áfrýjandinn Ólafur kaupmaður Árnason á Eyrarbakka stefnda Jörgen verzlunarstjóra Hansen samastaðar hafnarfestar og skipalægi á Eyrarbakkahöfn, er honum tilheyrði, til afnota fyrir skip þau, er til stefnda kæmu sumarið 1895, og skyldi leigan eptir festarnar, 150 kr., greiðast 1. nóv. 1895; þó áskildi áfrýjandinn sjer rjett til að nota festarnar, þegar skip stefnda ekki væru í þeim. Áfrýjandinn skyldi sjá um, að hafnarfestarnar væru teknar upp, »að skip geti lagzt í þær svo fljótt sem auðið er«. Snemma í júlímán. 1895 kom skip til verzlunar stefnda, og var því lagt við festarnar og lá þar nokkra daga í álandsvindi, en 16. júlímán. snerist vindur í norður, og biluðu þá festarnar svo, að þær hjeldu ekki skipinu, og rak það upp á sker, en náðist þó þaðan brátt aptur, án þess það skemmdist til muna. Var orsökina til þess að festarnar hjeldu ekki, að fleygur sá, er halda átti saman keðjulásnum, er bindur landfestina við járnhring þann (»svinglið«), sem festarnar eru læstar í, hafði fallið úr. Af því að þannig tókst til með afnot hafnarfestanna, vildi stefndi eigi greiða hina umsömdu leigu eptir þær, þegar hennar var krafizt af honum, og höfðaði þá áfrýjand-

inn mál þetta gegn honum til lúkningar leigugjaldinu, 150 kr., ásamt 5% vöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags. Var dómur í máli þessu og gagnsóknarmáli, er stefndi höfðaði til skadabóta hjá áfrýjanda út af slysinu, kveðinn upp í aukarjetti Árnassýslu 28. apríl þ. á., og voru málspartar sýknaðir hvor fyrir annars kröfum í málinu og málskostnaður látinn falla niður. En stefndi var í dómnum fyrir ósæmilegan rithátt dæmdur í 10 kr. sekt til landssjóðs og 10 kr. til fátækra sjóðs Stokkseyrarhrepps. Dómi þessum hefur áfrýjandi skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 26. maí þ. á., og hefur hann krafizt þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða áfrýjanda umsamda leigu af festunum á Eyrarbakkahöfn, 150 kr., ásamt 5% vöxtum af þessari upphæð frá sáttakærudegi til borgunardags, að hin ídæmda sekt fyrir ósæmilegan rithátt verði hækkuð að mun, og að stefndi verði dæmdur til að greiða málskostnað fyrir báðum rjettum eptir mati yfirdómsins, en að dómurinn verði að öðru leyti staðfestur. Hinn stefndi hefur krafizt þess aptur á móti, að hinn áfrýjandi dómur verði staðfestur og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða málskostnað með einhverju að rjettarins mati nægilegu.

Undanfærslu sína að gjalda hina umsömdu leigu fyrir festarnar hefur stefndi byggt á því, að festarnar hafi eigi verið í leigufæru standi frá áfrýjanda hálfu, eða svo að óhætt væri að leggja skipi við þær, enda hafi allur útbúnaður á þeim verið mjög ljelegur og ekki hirt um að eptirlíta

þær vandlega og bæta, er þær voru teknar upp, sem þó hefði þurft nauðsynlega við, þar sem þær höfðu legið í sjó allan veturinn á undan. Í samningnum 1. maí 1895 er ekkert tekið fram um það, í hvaða ástandi festarnar ættu að vera frá hendi áfrýjanda, annað en það, að hann ætti að sjá um, að þær væru teknar upp, svo að skip gætu lagzt við þær sem fyrst, og það verður að álíta, að áfrýjandinn hafi uppfyllt þá skyldu sína, sumpart með því sem hann ljet vinna sjálfur að upptekningu festanna, og sumpart með því að leyfa stefnda, þegar hann fór þess á leit, að leggja út á sinn (áfrýjanda) kostnað eða taka upp 2 duffestar með duflum við, sem stefnda þótti við þurfa, áður en hann legði skipi sínu við festarnar. Þegar þessum útbúningi á festunum var lokið, hafði stefndi heldur eigi, eins og málið sýnir, neitt við afhendingu festanna að athuga nje gjörði frekari kröfur um endurbætur á þeim, enda voru þær eigi áskildar í samningnum, og stefnda, sem hafði haft festarnar á leigu sumarið áður, var þó eins kunnugt um ásigkomulag þeirra eins og áfrýjanda, og vissi einnig, að þær höfðu legið í sjó yfir veturinn. Það verður því að álíta, að stefndi hafi leigt festarnar í því ástandi, sem þær voru í um vorið, er samningurinn var gjörður, með þeirri einni breytingu, að áfrýjandi átti að sjá um upptekning þeirra, eins og hann einnig gjörði, og verður stefndi því, eins fyrir það þó að festarnar hafi eigi reynzt eins traustar eins og hann gjörði ráð fyrir, að álitast hafa verið skyldur til að greiða leigu þá fyrir

þær, er um var samið. Það ber því að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda 150 krónur sem leigu fyrir festarnar sumarið 1895 ásamt 5% vöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags, og verður að breyta undirrettardóminum að þessu leyti.

Í einu af varnarskjölum sínum fyrir undirrettinum fór stefndi svofelldum orðum um áfrýjandann: »En á hinn bóginn get jeg vel skilið, að hann furðar á því, að hann skuli eiga svo bággt með að koma rangindum sínum áfram við útlending, því það er þó kunnugra en frá þurfi að segja, að Ólafur Árnason hafi, síðan hann tók við stjórn Háeyrarmálanna árið 1892, betur en nokkur maður hjer sunnanlands, fært mönnum heim sanninn fyrir því, hvað mikið satt sje í máltækinu, að »Ísland sje fyrir norðan landslög og rjett«, þegar um rjett útlendingis er að ræða. Skal jeg því til stuðnings tilfæra: I. *hinn alræmda bruna á Háeyri haustið '92*, sem að öllum líkindum væri hægt, þó meira en 3 ár sjeu liðin síðan, að fá upplýst, hvernig á hefur staðið, og þar sem flest atvik benda til að hjer væri í meira lagi »something rotten«, og það svo, að *ekkert brunabótafjelag í heimi* mundi hafa tekið í mál að útborga skaðann, *hefði þeim verið skýrt nákvæmlega frá öllu, hvernig allt var út búið*. II. Matið á skaða þeim, er húsið þá varð fyrir, í samanburði við matið á húsinu í heild sinni 4 mánuðum síðar. III. *Hinn alræmdi Háeyrarfallit*, þar sem útlendir skuldheimtumenn voru rúnir inn að nöktu skinni, án þess að yfirvöldin fyndu skyldu sína til þess að

verja þessum mönnum svikin, sem höfð voru í frammi við þá. Já, mjer getur vel skilizt, að maður, sem getur litið aptur á svona sigursæla fortíð gagnvart útlendingum, verði bæði hissa, gramur og í vandræðum, þegar hann loks sjer, að ekki allir vilja láta fara með sig eins og slátrunar-sauði.

Yfirdómurinn fellst á það, að þessi ummæli hafa samkvæmt kröfu áfrýjandans verið dæmd dauð og marklaus af undirdómaranum, og sómuleiðis á sekt þá, sem ákveðin hefur verið fyrir þau og sem eigi þykir næg ástæða til að hækka.

Eftir úrslitum málsins þykir rjett, að stefndi greiði áfrýjanda sem málskostnað 40 krónur.

#### Því dæmist rjett vera:

Stefndi, verzlunarstjóri Jørgen Hansen, greiði áfrýjandanum Ólafi kaupmanni Árnasyni 150 — eitt hundrað og fimmtíu krónur — ásamt 5% vöxtum á ári af upphæð þessari, frá sátta-kærudegi til borgunardags. Um ómerking meiðyrða og sekt fyrir ósæmilegan rithátt á aukarjettardómurinn að vera óraskaður. Í málskostnað greiði stefndi áfrýjanda 40 — fjörutíu — krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri laga- aðför.